



Austurbrú ses. – 12. stjórnarfundur haldinn fimmtudaginn 11. desember 2012 í starfsstöð Austurbrúar Vonarlandi

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, (VOH) Anna Dóra Helgadóttir, (ADH) og Sverrir Mar Albertsson, (SMA), Þórunn Eymundardóttir (ÞE), Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir (HÞS), Arnbjörg Sveinsdóttir (AS), Sigrún Blöndal (SBL) ásamt Karli Sölva Guðmundssyni framkvæmdastjóra. Rögnvaldur Ólafsson og Skúli Björn Gunnarsson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs, staðfestar og undirritaðar.
2. Nýr framkvæmdastjóri Austurbrúar, ses, (fyrsta vikan í starfi & framhald)
3. Starfsmannamál, staða mála, og helstu viðfangsefni/verkefni (SMA/KSG)
4. Fjármál Austurbrúar ses, fjárhagsáætlun 2013 og helstu stöður. (ADH)
5. Stefnumótun og framtíðarsýn; staðan og næstu skref. (KSG og aðrir)
6. Sóknaráætlun landshluta, fundur samráðshóps og staða mála (VOH)
7. Starfsstöð á Djúpavogi og starfsmenn. (S&K)
8. Húsnæðismál Austurbrúar ses, staða mála, þarfagreining ofl. (VOH)
9. Markaðsmál og merkingar starfsstöðva.
10. Hópefli starfsmanna, „*hristingur*“ með stjórn, jólahlaðborð/kort ofl.
11. Nordregio – samstarf, (kynning og möguleikar til framtíðar) (SMA)
12. Önnur mál; erindi og bréf.

Formaður setti fund kl. 15.05 og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs staðfestar og undirritaðar

Fundargerð síðasta framkvæmdaráðs staðfest. Undirritun fundargerða síðustu funda bíða næsta fundar þegar ritari (SBG) verður á staðnum.

2. Nýr framkvæmdastjóri Austurbrúar

Nýr Framkvæmdastjóri Austurbrúar mætti til starfa fyrir viku og formaður bauð hann velkominn fyrir hönd stjórnar. Karl Sölvi Guðmundsson fór yfir fyrstu verkefni sín.

3. Starfsmannamál, staða mála, og helstu viðfangsefni/verkefni

Starfsmannamál: Framkvæmdastjóri greindi frá fundi með fulltrúum 11. des. og umræðum sem þar urðu um stöðu Austurbrúar og afstöðu starfsmanna. Farið yfir ýmis starfsmannamál, s.s. stöðu ráðningarsamninga o.fl. Framkvæmdastjóra falið

að ganga frá verkefnaskilum hjá Finnboga Alfreðssyni, fulltrúa nýsköpunar og þróunar. Reiknað er með starfsmannafundi 18. desember.

4. Fjármál Austurbrúar ses, fjárhagsáætlun 2013 og helstu stöður

Anna Dóra Helgadóttir, starfandi fjármálastjóri, lagði fram rekstraryfirlit. Rekstrarstaðan í byrjun desember er neikvæð um 21 milljón. Nokkrar tekjur eru útistandandi í símenntunarhluta sem væntanlega innheimtast í desember. Rætt um hvaða tekjur aðrar eru útistandandi, m.a. vegna Evrópuverkefna og hvar verkefni eru stödd. Önnur verkefni eru í vinnslu hjá Austurbrú á vegum SSA, s.s. sóknaráætlun og IPA-umsókn. Anna Dóra mun taka saman fjárstreymisyfirlit til áramóta til að stjórn geti gert sér skýrari grein fyrir stöðunni. Einnig voru lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2013 sem er langt komin.

5. Stefnumótun og framtíðarsýn

Framkvæmdastjóri mun stýra stefnumótun fyrir Austurbrú sem gert er ráð fyrir að verði unnin eftir áramót. Fyrsta skrefið í stefnumótuninni er fundur fagráðs föstudaginn 14. desember nk. og mun framkvæmdastjóri sitja þann fund.

6. Sóknaráætlun landshluta, fundur samráðshóps og staða mála

Fyrirhugaður er samráðsfundur um sóknaráætlun landshluta þ. 12. desember þar sem stjórn og varastjórn SSA, Austurbrúar og fagráð Austurbrúar munu vinna að tillögum að verkefnum. Frestur til að skila tillögum hefur verið framlengdur til 25. janúar 2013. Fundur verður með stýrineti sóknaráætlanna í Reykjavík 14. des. og munu Valdimar O. Hermannsson og Ólafur Áki Ragnarsson sækja þann fund.

7. Starfsstöð á Djúpavogi og starfsmenn þar

Gengið hefur verið frá leigusamningi við Djúpavogshrepp vegna húsnæðis sem mun hýsa starfsstöð Austurbrúar og er í sama húsi og skrifstofur hreppsins. Framkvæmdastjóri mun auglýsa eftir starfsmanni (væntanlega í hlutastarfi) í samráði við Djúpavogshrepp.

8. Húsnæðismál Austurbrúar ses, staða mála, þarfagreining

Framkvæmdastjóri hefur kynnt sér húsnæði sem nú hýsir starfsemi Austurbrúar á Egilsstöðum. Stjórn Vísindagarðsins ehf. hefur komið saman og lýst áhuga á að leigja Austurbrú húsnæðið við Tjarnarbraut. Stjórn felur framkvæmdaráði Austurbrúar að taka saman þarfagreiningu fyrir starfsemi stofnunarinnar og fara í viðræður við stjórn Vísindagarðsins ehf. um afnot af húsnæði og nauðsynleg viðhaldsverkefni. Auk þess er framkvæmdaráði falið að koma húsnæðinu að Miðvangi 2-4 (fyrrum húsnæði ÞFA) í leigu eða sölu.

9. Markaðsmál og merkingar starfsstöðva

Rætt um þörf á markaðssetningu stofnunarinnar og mikilvægi þess að samræma útlit á því efni sem Austurbrú lætur frá sér. Framkvæmdastjóra og Þórunni Eymundardóttur falið að vinna að þessu verkefni í samráði við starfsmenn.

10. Hópefli, jólahlaðborð, kort og gjafir

Framkvæmdastjórn falið að skipuleggja hópefli starfsmanna, stjórnar og fagraðs. Stjórn og starfsmenn hittast í jólahlaðborði laugardaginn 15. desember. Búið er að panta jólakort og kaupa jólagjafir.

11. Nordregio – samstarf, (kynning og möguleikar til framtíðar)

Þessum lið frestað.

12. Önnur mál

- a) Formaður fór yfir stöðu nokkurra mála sem unnið er að. Formaður fól framkvæmdastjóra að kanna stöðu IPA-umsókna þar sem óskað hefur verið eftir aðild Austurbrúar.
- b) Formaður kynnti erindi frá stjórn Breiðdalsseturs þar sem óskað er eftir viðræðum við fulltrúa Austurbrúar um mögulegt samstarf setursins og Austurbrúar.
- c) Sverrir Mar kynnti stöðu mála hjá Starfsendurhæfingu Austurlands. Velferðarráðuneyti hefur sagt upp samningi við STARFA. Verið er að vinna að úrræðum fyrir þjónustuþega STARFA á svæðinu.

Ekki fleira rætt. Fundi slitið 18.15.

Sigrún Blöndal ritaði fundargerð

Valdimar O. Hermannsson

Sverrir Mar Albertsson

Anna Dóra Helgadóttir

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Þórunn Eymundardóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir